

## Fundur minjaráðs Norðurlands eystra

### 31. maí 2017 Borgum v/Norðurslóð kl. 14-16

Mættir voru: Steinunn María Sveinsdóttir, Sif Jóhannesdóttir, Haraldur Þór Egilsson, Örlygur Kristfinnsson, Guðmundur Ögmundsson og Rúnar Leifsson.

1. Málefni fundarins

HPE bauð sig fram sem fundarritara.

2. Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum

Rúnar fór yfir þau verkefni af svæðinu sem komust á dagskrá í flokki 1 og 2.

Skálar – Langesbyggð. Í flokki 1.

Hraunhafnartangi – Norðurþing í flokki 2.

Hlíðarrétt – Skútustaðahreppur í flokki 2.

Hofsstaðir – í flokki 2.

Þingmannaleið – Þingeyjarsveit Flokkur 1.

Gásir – Hörgársveit skipulagsvinna flokkur 2.

Gásir – Hörgársveit skilti og stígar – flokkur 2.

Evangerverksmiðan – Fjallabyggð flokkur 1

Var gerður góður rómur að árangrinum.

### 3. Strandminjar í hættu.

Rúnar kynnti að Evrópski menningarminjadagurinn 2018 yrði að líkindum helgaður strandminjum í hættu.

Rætt var um tvo staði sem helst eru í hættu hvað varðar ágang sjávar. Einkum er horft til Sigluness og Hofs í Flateyrdal. Örlygur kynnti sögu Sigluness og Rúnar fór yfir sögu fornleifarannsókna á Siglunesi. Rúnar fer og skoðar aðstæður ásamt Birnu frá Fornleifastofnun, Minjavörður Norðurlands vestra og ætla að kortleggja staðinn og ljósmynda úr dróna.

Í kjölfarið verða næstu skref ráðsins ákveðin.

Staðurinn er friðaður en ekki fríðlýstur.

Hof í Flateyrdal. Rúnar gerði grein fyrir því að hann mun fara á vegum Minjastofnunar í haust til að gera tilraunaskurð.

### 4. Hofstaðir í Mývatnssveit

Rúnar kynnti sögu fornleifarannsókna að Hofi.

Sagði frá fyrirhuguðu skipulagi sem búið er að vinna.

Eignarhald á landinu er hjá Íslenska ríkinu fer með eignarhald jarðarinnar en hlutverk Hofsbefur hefur verið ómótað þar til nú. Starfshópur um framtíðarnýtingu ríkisins af Hofi skilaði skýrslu af sér XXXX, en í honum áttu sæti m.a. ráðsmennirnir Rúnar og Guðmundur. Niðurstaða hópsins var að þar yrði þekkingarsetur á sviði fornleifa.

Jörðin komst í ár í umsjón ríkiseigna sem hafa áhuga á að koma staðnum í leigu til ákveðinna ríkisstofnana og stefnir í að Minjastofnun taki að sér umsjón með húseignum á Hofsstöðum. Fundað hefur verið með sveitastjórn, sveitastjóra og fl. og stendur vilji allra til að eignin verði ekki seld eða byggt verði á svæðinu heldur að fornleifunum verði gert hátt undir höfði.

Minjastofnun hefur hug á að setja á stofn fornleifasetur í samvinnu við fornleifadeild HÍ í nafni bræðranna Guðmundar og Ásmunds, hugsanlega sem vettvangsstað fyrir fornleifafræðinema en allar slíkar hugmyndir eru á frumstigi.

Sif vakti athygli á því að erfitt geti verið að finna húsnæði á svæðinu á sumrin og því kærkomið að fá aðstöðu.

Rætt var um arð af veiðiréttindum í Laxá og hvort hann gæti runnið í rekstur hugsanlegrar Fornleifaseturs. Guðmundur benti á að arður af Litlu á í Kelduhverfi rynni til Þjóðgarðsins.

Samningur liggur fyrir um að jörðin verði nýtt áfram eins og hún er, húsin standa áfram og lagfærð.

## **5. Menningarminjadagurinn 2017**

Evrópski menningarminjadagurinn verður haldinn 14. október um alla Evrópu og er þemað þetta árið menningarminjum í hættu vegna náttúruafla. Markmið með deginum er að fá aðila á staðnum til að taka þátt í skipulagningu og framkvæmd dagsins. Rætt var um mögulega Evanger gönguferð á Siglufirði af þessu tilefni.

## **6. Önnur mál.**

### **a. Vendarsvæði í byggð**

Rúnar kynnti stöðu mála á starfssvæði ráðsins. Þormóðseyri á Siglufirði hefur þegar sótt um og Akureyri hefur sótt um styrk vegna Innbæjarins. Málið verður tekið upp á næsta fundi.

### **b. Tilfallandi viðfangsefni.**

Rúnar lagði til að fundað yrði víða um starfssvæði ráðsins og að farið yrði í vettvangsferð. Rætt um að hafa fund á Hofstöðum.

Sif ræddi um hvort greitt verði fyrir akstur og fundarsetu.

Fundi slitið 16:10

Fundarritari Haraldur Þór